

langan tíma, eða frá 24. júlí til 14. nóv. 1939. Má því ætla, að stefnandi hefði viljað gefa allverulegan afslátt frá hinum fasta taxa, ef hann hefði vitað fyrir fram, að geymslutíminn yrði svona langur. Þykir því dómáranum rétt að færa þennan reikningslið, sem er kr. 4046.40, niður um 35%, eða niður í kr. 2630,16. Hvað öðrum reikningslið nefnds reiknings viðvikur, þá þykir dómáranum rétt, þar eð aðeins er um 89 sk. af mjöli að ræða, að taka þá kröfu, kr. 106.80, að fullu til greina. Samtals tekur því rétturinn kr. 2736.96 til greina af reikningi stefnanda, með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags.

Hvað málskostnaðarreikningi stefnanda viðvikur, þá getur rétturinn ekki fallizt á að taka hann til greina að fullu, þar eð stefnandi hefur ekki látið lögfræðing mæta fyrir sig í málinu. Hins vegar þykir dómáranum, með tilliti til þess, að ætla má, að stefnandi hafi fengið sér einhverja lögfræðilega aðstoð í málinu, málskostnaður hans hæfilega metinn á kr. 124.80.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þórður Einarsson f. h. Sildarbræðslunnar á Norðfirði, greiði stefnanda, Guðmundi Sigfússyni f. h. Verzlunar Sigfúsar Sveinssonar, kr. 2736,96 með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags, svo og í málskostnað kr. 124.80.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. febrúar 1941.

Kærumál nr. 1/1941. **Dánarbú Sigurðar Jónssonar**  
gegn

**Peter Schannong.**

Kröfulýsing í dánarbú.

**Dómur hæstaréttar.**

Varadómari í stað Þ. E. hrd. Gunnar Thóroddsen prófessor.

Í máli þessu kærir sóknaraðili úrskurð, er Björn Þórðarson lögmaður hefur kveðið upp í skiptarétti Reykjavíkur þann 20. f. m. Bárust hæstarétti skjöl málsins með bréfi lögmanns, dags. 7. þ. m., 15. s. m. Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að kröfulýsing varnaraðilja í dánarbú Sigurðar

Jónssonar verði dæmd of seint fram komin, en þetta atriði virðist eiga að sæta kæru samkvæmt upphafi 3. tölul. sbr. stafl. b. í sama tölul. 198. gr. laga nr. 85/1936. Ef þessi krafa yrði ekki tekin til greina, krefst sóknaraðili þess til vara, að síðara atriði úrskurðarins, um frestun á úrskurði um réttmæti kröfu varnaraðilja, verði ómerkt, og að málinu verði vísað heim til úrskurðar að efni til. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir báðum dómum, hvernig sem málið fer.

Af hálfu varnaraðilja er ekkert komið fram fyrir hæstarétt vegna kærums þessa.

Samkvæmt skýrslum, sem komið hafa fram fyrir hæstarétti, lét Sigurður heitinn Jónsson eftir sig, auk ekkju sinnar, son á fermingaraldri. Ekkjan leitaði hvorki heimildar til setu í óskiptu búi né til einkaskipta, enda virðist hinum ólögráða syni þeirra enginn fyrirvarsmaður hafa verið skipaður. Einkaskipti hafa því eigi getað hafizt á búi þessu, enda mælti ekkjan sig undan skuldaábyrgð í bréfi 26. maí 1939, er aðstoðarmaður hennar æskti opinberra skipta á búinu. Samkvæmt þessu gat bréf varnaraðilja frá 15. marz 1939, þar sem varnaraðili tjáir sig eiga minnismerki á legstaði o. fl. í vörzlum ekkjunnar, að verðmæti kr. 7245,00, ekki skipt ólögráðan son hins látna né lánardrottna hans máli. Kröfulýsing varnaraðilja, sem ekki gerðist fyrr en 8. des. 1939, kom að vísu eftir lok kröfulýsingarfrests samkvæmt áskorun til skuldheimtumanna. Hins vegar varð skiptarétti kunnugt um það 7. júní 1939, að varnaraðili ætti muni í vörzlum búsins, og mátti því gera ráð fyrir kröfu á hendur búi vegna skipta hans og Sigurðar heitins. Í bréfi aðstoðarmanns ekkjunnar frá 6. júlí 1939 var varnaraðilja að vísu skýrt frá því, að búið hefði verið tekið til opinberrar skiptameðferðar, en um áskorun til skuldheimtumanna um kröfulýsingar eða lok kröfulýsingarfrests hefur hann enga tilkynningu fengið. Sakir ákvæða 18. gr. samnings 8. maí 1935, sbr. lög nr. 108/1935 og auglýsingu nr. 117 s. á., mátti krafa hans því, samkvæmt því, er áður hefur verið sagt, komast að í búinu, enda þótt henni væri ekki lýst fyrir

skiptarétti fyrr en 8. des. 1939. Ber því að staðfesta að niðurstöðu til ályktun skiptaréttar um kröfulýsinguna.

Sem fyrr segir, fékk varnaraðili vitneskju um það í bréfi 6. júlí 1939, að bú Sigurðar heitins hefði verið tekið til opinberra skipta. Frá þeim tíma og til hernáms Danmerkur voru hér um bil 9 mánuðir, og frá kröfulýsingu, 8. des. 1939, og til hernámsins voru nálega 4 mánuðir, er samgöngur milli Danmerkur og Íslands voru órofnar. Varnaraðili virðist því hafa átt þess nægan kost að afla nauðsynlegra gagna til stuðnings kröfu sinni og koma þeim til skiptaráðanda. Ályktun skiptaréttar um óákveðna frestun á úrskurði um kröfu varnaraðilja að efni til, gegn mótmælum sóknaraðilja og eftir munnlegan flutning málsins fyrir skiptarétti 8. f. m., var því heimildarlaus. Verður því samkvæmt varakröfu sóknaraðilja að fella þetta atriði úrskurðarins úr gildi og skylda skiptarétt til þess að kveða upp úrskurð um efni málsins, svo sem lög standa til, sbr. 3. málsgr. 190. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákvæði úrskurðarins um kröfulýsingu varnaraðilja á að vera óraskað.

Ákvæði sama úrskurðar um frestun ákvörðunar um kröfu varnaraðilja að efni til er fellt úr gildi, og er lagt fyrir skiptarétt að kveða upp úrskurð um það atriði svo sem lög standa til.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. janúar 1941.

Þann 22. desember 1938 andaðist hér í bænum Sigurður Jónsson kaupmaður, Vatnsstig 16. Ekkja hans, Jóhanna Filippusdóttir, leitaði ekki þegar aðstoðar skiptaréttarins um meðferð dánarbús Sigurðar, heldur sneri hún sér fyrst til hrm. Lárusar Jóhannessonar og síðar til hdm. Magnúsar Thorlacius um aðstoð í sambandi við meðferð og skipti þess. Að ráðum Magnúsar afhenti ekkjan skiptaréttinum

búið til meðferðar sem skuldafrágöngudánarbúi þann 26. maí 1939. Búið var síðan skrifað upp og virt 1. og 7. júní 1939 og innköllun útgefin 12. júní með kröfulýsingarfresti til 30. október 1939.

Samkvæmt sérstökum samningi, dagsettum 12. marz 1928, hafði Sigurður sálugi um allmörg ár haft á hendi hér í bænum umboðs-sölu á legsteinum fyrir Peter Schannong í Kaupmannahöfn. Eftir lát Sigurðar átti Schannong bréfaskipti við ofangreinda aðstoðarmenn ekkjunnar. Vildi hann fyrst og fremst fá að vita, hve margir legsteinar væru í vörzlum búsin, en frá því var honum ekki skýrt. Þegar 15. marz 1939 skýrði Schannong Lárusi Jóhannessyni bréflaga frá, hversu mörg minnismerki hann teldi sig eiga hjá Sigurði sáluga, svo og verðmæti þeirra, er hann taldi d. kr. 7245.00. Í síðari bréfaskiptum sínum við aðstoðarmann ekkjunnar krafðist Schannong stöðugt að fá vitneskju um, hve mikið af minnismerkjum hann ætti í vörzlum búsin, en án árangurs.

Með bréfi, dagsettu 25. október 1939, fól Schannong umboðsmanni sínum í máli þessu, hrm. Einari B. Guðmundssyni, að gæta hagsmuna sinna gagnvart búinu. Jafnframt skýrði hann frá, hversu miklu af minnismerkjum sér væri ógerð grein fyrir, og að verðmæti þeirra væri d. kr. 7245.00.

Voru umboðsmanni Schannongs nú afhentir steinar þeir, er í vörzlum búsin voru, en hann komst að þeirri niðurstöðu, að eftir þá afhendingu vantaði Schannong þó steina, er næmu allverulegri fjárhæð. Bæri búinu annaðhvort að skila steinunum eða greiða andvirði þeirra. Vegna samgönguteppunnar telur umboðsmaður Schannongs sér ekki unnt að afla nákvæmra upplýsinga um verðmæti þess, er vantar af steinum, og er aðalkrafa hans í máli þessu því sú, að úrskurður um fjárhæð kröfu Schannongs á hendur búinu verði frestað, unz samband náist við Danmörku. Verði sú krafa ekki tekin til greina, krefst hann þess til vara, að búinu verði gert að greiða Schannong d. kr. 4703.11.

Málaflutningsmaður búsin mótmælir kröfum Schannongs og krefst sýknu af þeim báðum. Telur hann kröfunni í fyrsta lagi of seint lýst, og komi hún ekki til álita af þeim sökum. Í öðru lagi telur hann, að Sigurður sálugi hafi ekki fengið fleiri minnismerki frá Schannong en hann hafi þegar greitt og bú hans skilað. Komi því ekki til mála, að búinu verði gert að greiða Schannong neitt.

Um ofangreindan ágreining fór fram munnlegur máflutningur 8. þ. m. og var málið tekið til úrskurðar þann dag.

Svo sem áður er getið, var í fyrstu einkaskiptameðferð á dánarbúi Sigurðar sáluga. Á meðan á henni stóð, lýsti Schannong kröfu sinni við aðstoðarmann ekkjunnar. Kröfunni hafði þannig verið lýst þegar áður en skiptarétturinn tók við búsmæðferðinni, og við uppskrift búsin gat ekkjan viðskipta þeirra Sigurðar sáluga og Schannongs. Lítur rétturinn því svo á, að kröfunni sé nægilega

lýst í búið og að ekki beri að útiloka hana af hér um ræddri ástæðu.

Það er játað af umboðsmanni Schannongs, að fjárkrafa hans sé einungis ágizkun, nema einn smáliður, d. kr. 116.90, enda kveður hann sér hafa reynzt ómögulegt, sökum styrjaldarástandsins, að afla um hana nauðsynlegra gagna frá Schannong.

Bókhald Sigurðar sáluga er ekki í svo góðu lagi, að með því sé unnt að upplýsa viðskiptin nægilega, til þess að leggja úrskurð á fjárkröfu Schannongs í búið. Litur rétturinn, að þessu hvort tveggju athuguðu, svo á, að ekki beri að svo stöddu að úrskurða um kröfu Schannongs, hvort rétt sé, né um fjárhæð hennar.

Málflutningsmennirnir hafa báðir gert kröfu til málskostnaðar, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Kröfu Peters Schannongs í dánarbú Sigurðar Jónssonar, telst nægilega lýst, en um réttmæti og fjárhæð hennar verður ekki úrskurðað að svo stöddu.

Föstudaginn 28. febrúar 1941.

Nr. 106/1940. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)  
gegn

**Ingvari Guðjónssyni**

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Brot á gjaldeyrislögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hefur upp kveðið cand. jur. Helgi Laxdal samkvæmt konunglegri umboðsskrá, dagsettri 28. sept. 1939.

Í málshöfðunartilkyningu héraðsdómarins til kærða í þinghaldi 6. des. 1939 segir aðeins, „að mál yrði höfðað gegn honum (þ. e. kærða) fyrir brot á lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 73 frá 1937 og reglugerð nr. 50 frá 1938.“ Kærði virðist hafa mátt gera ráð fyrir því, að í tilkyningu þessari fælist krafa um sekt á hendur sér. Hins vegar þykir varhugavert að gera ráð fyrir því, að kærði hafi átt að búast við því, að krafa yrði gerð um það, að ólöglega fengnum